



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans

Puríður M. Björnsdóttir (thuridur@fsu.is)

Áfangalýsing

Áfanginn er undirbúningsáfangi undir frekara nám í íslensku og ætlaður þeim sem raðast ekki beint á 2. hæfniprep.

- **Ritun:** Nemendur vinna skrifleg verkefni og þjálfast í að semja innihaldsríkar málsgreinar og styttri ritun, s.s. efnisgreinar af ýmsu tagi.
- **Lestur:** Nemendur lesa smásögur, Íslendingaþátt, þjóðsögur, goðsögur, nytjatexta og skáldsögu.
- **Málnotkun:** Nemendur þjálfast í að beita tungumálinu á margvíslegan hátt, s.s. með skapandi verkefnum, grúski, framsögn og ritun.
- **Framsögn:** Nemendur þjálfast í að tjá sig.

Markmið áfangans

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðarsmíð
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- mismunandi lestraraðferðum
- nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem nýtast við umfjöllun um bókmenntir

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ýmsar tegundir nytjatexta í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni
- beita mismunandi blæbrigðum og málsniði í tal- og ritmáli
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda
- skilja algengt líkingamál og orðatiltæki

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málfari
- beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar textum
- sýna þroskaða siðferðisvitund og víðsýni í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum

Kennslubækur og kennslugögn

- Leshefti, selt á skrifstofu skólans
- Kjörbók, *Án filters* eftir Björgvin Pál Gústavsson

Vinnubrögð og verkefnaskil

Vinna nemenda fer fram bæði í tímum og heima. Gert er ráð fyrir mikilli samvinnu nemenda í tímum.

Öll verkefni skal tölvuvinna og því þurfa allir nemendur að mæta með fartölvur. Ekki má vinna verkefni í síma. Fjölbreytt leiðsögn og námsmat er nýtt til að hjálpa nemendum að átta sig á stöðu sinni með framþróun í huga.

Mikilvægt er að skila öllum verkefnum á tilsettum tíma. Ekki er hægt að skila verkefnum eftir að kennari lokar á skil.

Brýnt er að nemendur ástundi góð vinnubrögð og sinni náminu jafnt og þétt alla önnina til að viðhlítandi árangur náist. Notkun síma er ekki leyfð nema þegar slík notkun er þörf vegna sérstakrar verkefnavinnu.

Námsmat

ÁFANGINN ER LOKAPRÓFSLAUS. Námsmat samanstendur af verkefnum, prófum, kynningum og virkni.

Vægi námsmats

- | | |
|--|-----|
| • Smásögur og bókmenntir (próf og verkefni) | 25% |
| • Sagan <i>Án filters</i> (próf og verkefni) | 40% |
| • Eldri bókmenntir (próf og verkefni) | 25% |
| • Valverkefni | 5% |
| • Málnotkun | 5% |

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil

Vika	Dagsetning	Viðfangsefni
1	5.-6. janúar	Kynning á áfanga.
2	9.-13. janúar	Kafli 1: Skilaverkefni.
3	16.-20. janúar	Kafli 2: Smásögur. <ul style="list-style-type: none">● Sjónarhorn
4	23.-27. janúar	Kafli 2: Smásögur. <ul style="list-style-type: none">● Myndmál og bygging
5	30. janúar-3. febrúar	Kafli 2: Smásögur. <ul style="list-style-type: none">● Tími, umhverfi og söguvið Skil á vinnubók. Próf.
6	6.-10. febrúar	Sagan Án filters. <ul style="list-style-type: none">● Inngangskafli● Kafli 1-4, bls. 7-50● Próf, kafli 1-4
7	13.-17. febrúar	Sagan Án filters. <ul style="list-style-type: none">● Kafli 5-8, bls. 51-114● Próf, kafli 5-8
8	20.-24. febrúar 20. Verkefnadagur Miðannarmat	Sagan Án filters. <ul style="list-style-type: none">● Kafli 9-11, bls. 115-156● Próf, kafli 9-11 Skila vinnubók.
9	27. febrúar-3. mars 1.-3. Kátir dagar – Flóafár	Án filters: Ritgerðarskil.
10	6.-10. mars 8. Áfangamessa	Kafli 4: Gamlar íslenskar sögur. <ul style="list-style-type: none">● Þjóðsögur
11	13.-17. mars 15. Valdagur	Kafli 5: Bókmenntir fyrri alda. <ul style="list-style-type: none">● Íslendingasögur
12	20.-24. mars	Kafli 5: Bókmenntir fyrri alda. <ul style="list-style-type: none">● Snorra-Edda og Þrymskviða● Próf
13	27.-31. mars	Kafli 6: Kynningar. <ul style="list-style-type: none">● Leiðsögumaðurinn
14-15	3.-11. apríl	PÁSKAFRÍ
15	12.-14. apríl	Kafli 6: Kynningar. <ul style="list-style-type: none">● Valverkefni
16	17.-21. apríl 20. Sumard. fyrsti	Kafli 6: Kynningar. <ul style="list-style-type: none">● Valverkefni
17	24.-28. apríl	Málnotkun – verkefni.
18	1.-5. maí	Málnotkun – verkefni. Samantekt og uppsóp.

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 4. janúar 2023, íslenskukennari.